

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd.

Frá Margréti Frímansdóttur.

Hefur framkvæmdaáætlun sem ráðherra setti fram í janúar 1998 um sjálfbæra ferðamennsku og umhverfisvernd verið fylgt eftir? Ef svo er, hver er staðan varðandi eftirfarandi markmið áætlunarinnar:

- a. að Ísland nái sérstöðu á sviði umhverfismála,
- b. ferðamennska verði nýtt sem afl til verndunar auðlindum,
- c. stuðlað verði að fræðslu og aukinni umhverfisvitund,
- d. að samþætta ferðaþjónustu og náttúruvernd,
- e. framkvæmd laga og reglugerða verði virk og
- f. að gott aðgengi fyrir fatlaða verði sem víðast?